



Fundargerð afmælisferðar Epsilondeildar í heimsókn hjá Deltadeild í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi laugardaginn 26.apríl 2025

Mættar voru 11 Epsilonkonur sem sameinuðust í bíla snemma morguns og lögðu upp í ferð vestur í Borgarnes til að hitta þar 8 Deltakonur og funda saman.

Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta setti fundinn kl. 11:00 og Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilon kveikti á kertum Vináttu, Trúmennsku og Hjálpsemi og hver og ein kona kynnti sig stuttlega.

Því næst var Sigríður Guðnadóttir Epsilonkona með mjög skemmtilegan upplestur. Hún hefur verið að skrifa dagbók og las fyrir okkur færslu frá í mars síðastliðnum þar sem hún fer meðal annars í Smáralind og segir skemmtilega frá búðarferðum þar. Hún verslaði eitt og annað en hafði svo glatað veskinu sínu og símanum. Einstaklingur fann og skilaði veskinu hennar sem hafði orðið eftir í innkaupakerrunni, Sigríður var þakklát þeim heiðarlega einstaklingi.

Margrét var með „orð til umhugsunar“ og talaði fallega útfrá einkunarorðum okkar, Vináttu – Trúmennska – Hjálpsemi, góð hugleiðing um mikilvægi þeirra tengsla sem systrasamtökin veita og hve mikið hún meti þann styrk og sjálfstraust sem hún öðlaðist í þeim verkefnum sem hún hefur gengt frá því hún varð félagi.

Þá benti hún á það að hlusta með hjartanu, það að gefa gaum og leyfa sér að taka þannig þátt í því sem sagt er, er það sem gefur og nærir í samskiptum fólks.

Theodóra sagði síðan örlítið frá Landnámssetrinu, tilurð þess og umfangi, talaði um nágrennið hér í neðribænum og Skallagrímsgarðinn. Í framhaldinu komu spruningar meðal annars um Tónlistarskóla Borgarfjarðar og starfið þar sem Theodóra leiddi í 30 ár. Hún sagði frá starfi sínu og söngleikjunum sem hún hefur sett upp frá árinu 2004 en það ár fékk skólinn sitt eigið húsnaði. Síðustu árin hafa dætur hennar unnið með henni með söngleikina. Nú er hún hætt hér í Borgarnesi, en setti upp tvo söngleiki í Tónlistarskólanum á Akranesi í vetur með dóttur sinni og Jónínu Ernu Arnardóttur Deltakonu og skólastjóra.

Því næst æfðum við afmælislagið okkar nokkrum sinnum og þá var komið að hádegisveraðarhlaðborði. Lag og texti afmælissöngsins hlaut lof fundarkvenna.

Happdrættið á sínum stað og fékk Harpa Björnsdóttir Epsilonkona vinninginn sem Sigrún Jóhannesdóttir Deltakona kom með.

Áður en haldið var heim á leið sungum við lagið okkar einu sinni og tilbúnar að taka lagið á afmælisráðstefnunni 10. maí næstkomandi. Konur úr öllum deildum Landssambandsins koma til þingsins í vor.

Góður dagur í góðum félagsskap. Fundi slitið kl. 13:30.

Fundarritari: Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Deltadeildar og nokkrir punktar frá G. Ásgerði Eiríksdóttur ritara Epsilondeildarinnar.

